

Starf Norrænu ráðherranefndarinnar að „Börn og ungmenni á Norðurlöndum – þverfagleg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar 2016–2022“





Samantekt

Þessi greinargerð til Norðurlandaráðs og Norðurlandaráðs æskunnar er önnur greinargerðin sem unnin er á grundvelli [þverfagleggrar stefnu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna](#) og tekur hún til starfsemi árána 2018 og 2019.

Í greinargerðinni kemur fram að nánast öll fagsvið ráðherranefndarinnar líta svo á að málefni barna og ungmenna njóti forgangs í starfi viðkomandi sviðs, auk þess sem málaflókkar sviðsins hafi áhrif á lífskjör barna og ungmenna. Þó hafa fæst sviðanna látið greina með hvaða hætti starfsemi þeirra snertir börn og ungmenni.

Niðurstöðurnar sýna að réttindi barna og málefni ungmenna eru einkum felld inn í starfið við framkvæmd ýmiss konar verkefna, í orðalagi samstarfsáætlana, stefna og framkvæmdaáætlana og við útfærslu verkefna. Allur gangur er á því hve virkan þátt börn og ungmenni taka í starfseminni og nær þátttökustig þeirra yfir allan skalann (allt frá lítilli þátttöku til mikillar þátttöku). Þegar litið er til verkefna sem unnin eru *af* börnum og ungmennum, *með* þeim og *fyrir* þau, þá hefur hlutur verkefna sem unnin eru *af* og *með* börnum og ungmennum aukist samanborið við síðustu greinargerð.

Þetta á við um fjögur af hinum sex sviðum sem bera sérlega ábyrgð á að setja fram markmið með hliðsjón af hinum stefnumarkandi áherslusviðum stefnunnar um málefni barna og ungmenna. Hin tvö sviðin af þessum sex hafa samþætt sjónarmið barna og ungmenna með almennum hætti í stefnumótandi skjölum sínum.

Starfi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) með stefnuna hefur einnig fleygt fram, meðal annars gegnum eigin verkefni nefndarinnar sem tengjast áherslusviðum stefnunnar, en einnig með stuðningi nefndarinnar við innleiðingu annarra sviða á stefnunni. Meðal annars hefur NORDBUK staðið fyrir árangursríkri fræðslu um réttindi barna og málefni ungmenna fyrir starfsfólk ráðherranefndarinnar.

Í þessari greinargerð kemur fram að mikil framför hafi orðið hvað varðar framkvæmd og samþættingu á markmiðum stefnunnar. Norræna ráðherranefndin kemur þó til með að halda starfinu áfram, einkum með aðgerðum sem ætlað er að þróa færni, og setur nú markið enn hærra svo að næsta greinargerð sýni jafnvel enn betri árangur. Markmiðið er að framtíðarsýn stefnunnar um að Norræna ráðherranefndin „[stuðli] að því að Norðurlöndin verði forystusvæði og fyrirmynd við mótun samfélags þar sem svigrúm gefst fyrir réttindi og sjónarmið barna og ungmenna og þátttöku þeirra í mótun samfélagsins“ verði raunverulega samþætt við starfið.



Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Öll fagsvið eiga að vinna að réttindum barna og málefnum ungmenna	5
3.	Sex svið bera sérlega ábyrgð á að setja sér markmið í tengslum við stefnuna	14
4.	Starf NORDBUK að markmiðum stefnunnar	15
5.	Niðurstöður	16

Fylgiskjöl

1. Verkefni og aðgerðir Norrænu ráðherranefndarinnar sem unnin eru fyrir börn og ungmenni, með þeim og af þeim
2. Markmiðalýsing fagsviðanna í tengslum við stefnuna
3. Starfsemi NORDBUK 2018–2019



1. Inngangur

Í starfi ráðherranefndarinnar vísar markhópurinn börn og ungmenni til allra á aldrinum 0–25 ára, en þar sem ekki eru alltaf skýr skil milli ungmennis og fullorðins einstaklings geta hinar ýmsu aðgerðir haft mismunandi markhópa og jafnvel náð til einstaklinga yfir 25 ára aldri. Í þessari greinargerð er talað um „börn og ungmenni“ sem einn hóp en þó er mikilvægt að muna að börn og ungmenni eru ólík og hafa ólíka sjálfsmynd, reynsluheim og forsendur, sem Norræna ráðherranefndin á ávallt að taka mið af í starfi sínu.

Réttindi barna og málefni ungmenna er eitt af hinum þremur svonefndu þverfaglegu sjónarmiðum í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR). Í því felst að öll fagsvið og stefnumótunarsvið eigi að samþætta sjónarmiðið og að það verði rauður þráður í öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar. Hin tvö þverfaglegu sjónarmiðin eru jafnréttismál og sjálfbær þróun.

Þverfaglega stefnan um málefni barna og ungmenna var samþykkt af norrænu samstarfsráðherrunum, MR-SAM, árið 2016. Í henni er reifað hvernig vinna eigi að þeirri framtíðarsýn að „Norðurlönd verði besti staður í heimi fyrir börn og ungmenni“. Meginmarkmið stefnunnar eru að ráðherranefndin í heild samþætti réttindi barna og málefni ungmenna við starf sitt í auknum mæli og að ráðherranefndin – einkum fagsviðin sex sem bera sérstaka ábyrgð¹ á málaflokknum – leggi áherslu á eftirfarandi þrjú stefnumarkandi áherslusvið:

1. Öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu
2. Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag
3. Bætt miðlun þekkingar og aðgerðir til að þróa færni

Það að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar felur í sér að sviðin kynni sér og taki tillit til þess hvernig börn og ungmenni hugsa um ákvarðanir og aðgerðir og verða fyrir áhrifum af þeim. Á flestum starfssviðum ráðherranefndarinnar má finna málefni sem hafa áhrif á lífskjör barna og ungmenna.

Greinargerð þessi er unnin upp úr svörum við viðhorfskönnun. Alls 15 fagsvið og stefnumótunarsvið svöruðu könnuninni, þar af öll sviðin undir hinum ellefu fagráðherranefndum² auk tveggja annarra; sviðs sjálfbærrar þróunar og sviðs alþjóðastarfs. Sviðin undir fagráðherranefndinni MR-FJLS svöruðu sameiginlega en svið orkumála, atvinnulífs og byggðastefnu (sem falla undir fagráðherranefndina MR-VÆKST) svöruðu hvert fyrir sig. Spurningarnar í könnuninni og áherslur hennar

¹ Vinnumál, Jafnréttismál, Menning og fjölmiðlar, Byggðastefna, Félags- og heilbrigðismál auk Menntamála- og tungumálasamstarfsins.

² Vinnumál (MR-A), Atvinnu-, orku- og byggðastefna (MR-VÆKST), Fiskveiðar, fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt (MR-FJLS), Jafnréttismál (MR-JÄM), Menningarmál (MR-K), Löggjafarsamstarf (MR-LAG), Umhverfismál (MR-M), Félags- og heilbrigðismál (MR-S), Menntamál og rannsóknir (MR-U), Efnahags- og fjármál (MR-FINANS), Stafræn væðing (MR-DIGITAL).



byggja á stefnunni um málefni barna og ungmenna, auk leiðarvísis um samþættingu ([Stuðningsefni til að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar – Ert þú með réttu gleraugun?](#)) sem ráðherranefndin gaf út.

Síðasta greinargerð, sem tók til tímabilsins 2016–2017, var sú fyrsta sem unnin var á grundvelli nýju stefnunnar og má því nýta niðurstöður hennar sem viðmið. Niðurstöður þessarar greinargerðar, sem lúta að þróun á innleiðingu stefnunnar, eru því bornar saman við niðurstöður fyrri greinargerðar. Þar sem stefnan var samþykkt fyrir þremur árum má líta svo á að þessi greinargerð marki stöðuna „á miðri leið“ að settu marki.

Í þessari greinargerð er sjónum beint að starfi allra fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar að samþættingu og innleiðingu á réttindum barna og málefnum ungmenna. Ennfremur eru kynnt markmið hinna sex fagsviða sem bera sérlega ábyrgð á að starfa með stefnuna. Starfsemi Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) í tengslum við stefnuna verður einnig reifuð. Að lokum verður greint frá niðurstöðum greinargerðarinnar.

2. Öll fagsvið eiga að vinna að réttindum barna og málefnum ungmenna


Samþætta á réttindi barna og málefni ungmenna við starf allra fagsviða og stefnumótunarsviða svo að þau verði rauður þráður í öllum starfssviðum ráðherranefndarinnar. Í næsta kafla er greint frá því hvernig eigi að samþætta þessi sjónarmið við starf sviðanna, í hvaða ferlum skuli gera það og upp að hvaða marki börn og ungmenni eigi að taka þátt í verkefnum og annarri starfsemi.

2.1 Samþætting fagsviðanna á réttindum barna og málefnum ungmenna

Samkvæmt markmiðum stefnunnar eiga börn og ungmenni að njóta forgangs sem markhópar í starfi ráðherranefndarinnar. Því var sú spurning lögð fyrir fagsvið og málaflokka hvort þau teldu börn og ungmenni njóta forgangs innan viðkomandi sviðs eða málaflokks. Tilgangurinn var að fá heildarmynd af almennri forgangs röðun ráðherranefndarinnar hvað varðar kjör barna og ungmenna.

2.1.1 Börn og ungmenni njóta forgangs sem markhópur í starfi flestra sviða


Þeirri spurningu var beint til fagsviða og málaflokka hvort þeir teldu að börn og ungmenni nytu forgangs í starfi þeirra. Tilgangurinn var að fá heildarmynd af almennri forgangs röðun ráðherranefndarinnar hvað varðar kjör barna og ungmenna.



Ellefu sviðanna svöruðu játandi og fjögur neitandi. Í könnuninni sem lá til grundvallar í síðustu greinargerð var einnig hægt að merkja við svarmöguleikann „annað“. Ekki var boðið upp á þann svarmöguleika að þessu sinni þar sem erfitt reyndist að draga ályktanir af slíkum svörum. Niðurstöðurnar sýna að samanborið við fyrri greinargerð hefur þeim sviðum fjölgað sem líta á börn og ungmenni sem forgangsmarkhóp. Þetta gæti bent til þess að sviðin hafi aukið við þekkingu sína á sjónarmiðum barna og ungmenna og þar af leiðandi veitist þeim nú auðveldara en fyrr að setja þessa hópa í forgang í starfi sínu. Sú staðreynd að ellefu af fimmtán sviðum líti nú þegar á börn og ungmenni sem forgangsmarkhóp bendir til þess að Norrænu ráðherranefndinni hafi orðið vel ágengt, þó að enn sé svigrúm fyrir fleiri svið til að leggja aukna áherslu á málefni barna og ungmenna.


2.1.2 Meirihluti málaflokka varðar börn og ungmenni upp að einhverju marki

Grundvöllur þess að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf tiltekins sviðs er að greina fyrst tengsl þessara sjónarmiða við sviðið og skapa þannig aukna meðvitund um þau. Þess vegna var spurt að því í könnuninni með hvaða hætti þátttakendur teldu starfssvið sín tengjast kjörum barna og ungmenna, og hvort unnin hefði verið greining á tengslum málaflokksins við málefni barna og ungmenna eða við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Þrettán af fimmtán sviðum töldu starfsemi sína hafa áhrif á eða snerta börn og ungmenni. Aðeins eitt svið átti erfitt með að sjá hvernig starfsemi þess tengdist líf skjörum barna og ungmenna. Greinargerð þessa árs sýnir því að nánast allar fagráðherranefndirnar gera sér grein fyrir því hvernig tilvera barna og ungmenna tengist starfssviðum þeirra. Samanborið við fyrri greinargerð ber þetta vitni um jákvæða þróun, en þá sögðust þrjú sviðanna eiga erfitt með að sjá tengsl starfsemi sinnar við börn og ungmenni.

Nú verður vikið að því í hvaða mæli sviðin hafa greint eða kannað áhrif starfsemi sinnar á börn og ungmenni.



Þrjú svið af fimmtán (samanborið við tvö af fimmtán fyrir tímabilið 2016/2017) hafa látið greina eða kanna hvaða tengingu starf þeirra hefur við börn og ungmenni eða við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Tekið skal fram að sum sviðanna telja starfsemi sína hafa augljósa tengingu við málefni barna og ungmenna og sjá því ekki þörf á að framkvæma slíka greiningu. Þetta á til dæmis við um svið félagsmála, menntamála og menningarmála. Börn og ungmenni eru yfirlýstir markhópar í starfsemi þessara sviða. Önnur ástæða þess að svo fá svið hafa látið framkvæma



greiningu af þessu tagi er að hingað til hefur ekki boðist stuðningur eða hjálp til slíks. Ráðherranefndin vinnur nú að því að bjóða slíkan stuðning, meðal annars með innri fræðslu um réttindi barna og möguleika ungmenna til þátttöku og áhrifa.

Niðurstöður greinargerðarinnar sýna að árið 2016 var Norræna ráðherranefndin sem stofnun ekki sérlega meðvituð um áhrif starfsemi sinnar á börn og ungmenni. Þrátt fyrir þetta hafa mikilvægar framfarir átt sér stað. Greinargerð þessa árs sýnir að nú eru nánast öll fagsviðin afar meðvituð um þetta. Þótt þversagnakennt megi virðast hafa fá sviðanna þó ráðist í sérstaka greiningu á því hvernig starf þeirra hefur áhrif á lífskjör barna og ungmenna. Þetta helgast hugsanlega af því að þrátt fyrir meðvitund um að starfið hafi áhrif á börn og ungmenni eigi enn eftir að afla frekari þekkingar á þeim áhrifum. Hér eru sóknarfæri til að þróa samþættingarstarfið enn frekar. Tilgátan er að því meiri þekking sem er á áhrifum starfsins á börn og ungmenni, þeim mun betri árangur verði af starfseminni.

2.2 Innleiðing fagsviðanna á sjónarmiðum er varða réttindi barna og málefni ungmenna

Á grundvelli þess að flest fagsviðanna líta á börn og ungmenni sem forgangshópa í starfi sínu verður nú vikið að þeim ferlum þar sem sviðin hafa fléttað réttindi barna og málefni ungmenna inn í starf sitt, auk þátttökustigs barna og ungmenna í starfsemi sviðanna.

2.2.1 Samþætting á réttindum barna og málefnum ungmenna hefur aukist í öllum stefnumarkandi ferlum

Hér áttu sviðin að svara því við hvaða stefnumarkandi ferla réttindi barna og málefni ungmenna hefðu verið samþætt.



Línuritið sýnir að samþætting á réttindum barna og málefnum ungmenna hefur aukist í öllum ferlum. Greinilegust er aukningin hvað varðar eftirfylgni og mat á stefnumótandi skjölum, en þar hafa tíu sviðanna sagst samþætta sjónarmiðið samanborið við aðeins tvö svið í fyrri greinargerð. Auk þess hefur mikil aukning átt sér stað innan ramma fjárhagsáætlunarferla og stjórnunar ytri aðila, í báðum tilvikum frá fjórum upp í níu. Ein ástæða þess að aukning hefur orðið hvað varðar fjárhagsáætlunarferla getur falist í skýrum fyrirmælum og ákvörðunum frá forystu ráðherranefndarinnar um að hin þrjú þverfaglegu sjónarmið (börn og ungmenni, sjálfbærni og jafnrétti) eigi að vera vel sýnileg í fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar. Flóknara er að skýra aukningu sem orðið hefur í stjórnun ytri aðila. Hugsanlega er hægt að skýra þá aukningu almennt með því upplýsingastarfi og vitundarvakningu sem átt hefur sér stað innan Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi hvernig samþætta skuli réttindi barna og málefni ungmenna við starfið, en þar hefur áhersla verið lögð á hlutverk ráðherranefndarinnar sem „kaupanda“. Hugsanlega hefur það ekki verið skýrt hingað til að með stjórnun og eftirfylgni ytri aðila megi stuðla að því að innleiða markmið stefnunnar.

Aukning hefur einnig átt sér stað innan hinna þriggja ferla þar sem samþætting á réttindum barna og málefnum ungmenna var þegar vel á veg komin, en þau eru: 1) framkvæmd verkefna eða annarra aðgerða (úr 10 upp í 11), 2) orðalag samstarfsáætlana, stefna og framkvæmdaáætlana (úr 11 upp í 12) og 3) við útfærslu verkefna (úr 11 upp í 14). Fjórtán af fimmtán sviðum samþætta nú réttindi barna og málefni ungmenna við útfærslu verkefna og annarra aðgerða, sem er afar eftirtektarvert og jákvætt. Líta má á útfærslu verkefna sem hið sjálfsgöða eða



augljósa „sambættingarsvið“, þar sem það er á oftast á því stigi sem ljóst verður hvernig hægt er að fara að. Um leið hefur ráðherranefndin látið vinna ýmis stuðningsskjöl og umsóknareyðublöð þar sem greina þarf frá því hvernig verkefnið tengist börnum og ungmennum, réttindum þeirra og lífskjörum. Það eitt getur orðið til þess að viðkomandi finnist hann hafa sambætt þessi sjónarmið í verkefni sínu.

Þó eru enn tvö ferli þar sem minnihluti fagsviðanna hefur sambætt réttindi barna og málefni ungmenna, en þau eru 1) vinnsla formennskuáætlana (sex af fimmtán) og 2) afgreiðsla á tillögum og orðalag í þeim (fimm af fimmtán). Vinnsla formennskuáætlana er að miklu leyti í höndum formennskulands hverju sinni og hugsanlegt að ráðherranefndin hafi ekki getað haft jafnmikil áhrif á sambættingu á réttindum barna og málefnum ungmenna þar eins og á öðrum sviðum. Þetta gildir þó ekki um afgreiðslu á tillögum og orðalag í þeim, en þar hefur skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar mikla möguleika til áhrifa. Ein skýring á þessum niðurstöðum kann þó að vera að einstakir ráðgjafar finni til óöryggis um hvernig hafa megi hliðsjón af þessu þegar tillögur eru lagðar fram, auk skorts sem hingað til hefur verið á fyrirmyndum og stuðningsefni til að styðja við slíka framkvæmd.

2.2.2 Börn og ungmenni koma að verkefnum í mismiklum mæli

Ein leið til að sambætta réttindi barna og málefni ungmenna er að tryggja aðkomu þeirra að verkefnum og aðgerðum. Þátttakendur í könnuninni áttu að merkja við fjölda verkefna í hverju þrepi þátttökustigans³ til að lýsa því í hve miklum mæli börn hefðu haft áhrif á og tekið þátt í starfsemi sviðsins.

³ Höfundur þátttökustigans er Robert Hart.



Delaktighetstrappan		Antal projekt
Hög delaktighet	Barn och unga bestämmer och genomför projekt, delar av en konferens, workshop eller ett möte	Klicka eller tryck här för att ange text.
	Sektorn har tillsatt en representativ rådgivande barn - och/eller ungdomsgrupp som kan konsulteras i olika frågor eller arbetar med de existerande grupper/organisationer som finns på nordisk, nationell eller lokal nivå	Klicka eller tryck här för att ange text.
	Sektorn frågar olika barn och unga direkt. T.ex. i åldersanpassade fokusgrupper, aktiviteter, enkäter, intervjuer eller sociala medier	Klicka eller tryck här för att ange text.
	Sektorn frågar organisationer som arbetar med barn och ungas olika levnadsvillkor eller experter på barn och ungas perspektiv i olika frågor	Klicka eller tryck här för att ange text.
	Sektorn skaffar sig kunskap om barn och ungas varierande perspektiv i befintlig forskning eller i annan form av dokumentation	Klicka eller tryck här för att ange text.
	I sektorn diskuteras hur olika grupper av barn och unga kan tänkas påverkas av era beslut	Klicka eller tryck här för att ange text.
Låg delaktighet	Barn och unga har ingen delaktighet eller inflytande i sektorns verksamhet	Klicka eller tryck här för att ange text.

Það reyndist snúið fyrir fagsviðin að merkja við þrep í þáttökustiganum. Sum sviðanna skráðu inn fjölda viðeigandi verkefna við hvert þrep þáttökustigans en önnur svöruðu með athugasemd í athugasemdareit. Þetta olli því að erfitt var að öðlast heildarmynd af almennri þáttöku í starfsemi ráðherranefndarinnar með mælanlegum hætti.

Að svo stöddu má þó fullyrða að verkefni og aðgerðir fara fram á öllum stigum þáttöku, svo og að í sumum verkefnum taka börn og ungmenni alls ekki þátt og hafa engin áhrif. Með hliðsjón af hinu breiða starfssviði ráðherranefndarinnar er þetta ekki óvænt niðurstaða. Þó greina sum sviðanna frá meiri þáttöku í sinni starfsemi en önnur, svo sem Menning og fjölmiðlar, Sjálfbær þróun og Menntamál.

Tekið skal fram að efstu þrep þáttökustigans eiga ekki við fyrir öll verkefni, en í staðinn voru sviðin hvött til að meta hvaða þáttökustig væri æskilegast fyrir hvert og eitt verkefni. Viðmiðunarreglan er sú að aðkoma barna og ungmenna að ákvörðun fari eftir því hvað hún hefur mikil áhrif á aðstæður þeirra. Eitt af meginmarkmiðum hinnar þverfaglegu stefnu er að ráðherranefndin í heild samþætti í auknum mæli réttindi barna og málefni ungmenna við starf sitt þannig að betur verði hugað að því sem börn og ungmenni hafa að segja. Því er brýnt fyrir ráðherranefndina eins og hún




leggur sig að öll fagsvið ræði hér eftir þau áhrif sem ákvarðanir þeirra kunna að hafa á hina ýmsu hópa barna og ungmenna, svo og að þau fagsvið sem hafa virkjað börn og ungmenni til þátttöku í verkefnum sínum hingað til haldi því áfram og auki aðkomu þeirra enn frekar í framtíðinni.

2.2.3 Verkefni og aðgerðir sem framkvæmd eru fyrir börn og ungmenni, með þeim og af þeim

Áhrif þess hvort tekið sé mið af réttindum barna og málefnum ungmenna sjást meðal annars í þeim ákvörðunum sem teknar eru og þeim verkefnum og aðgerðum sem viðkomandi svið framkvæmir. Fagsviðin greindu frá 79 mismunandi aðgerðum (samanborið við 44 í síðustu greinargerð), en þó er raunveruleg tala þeirra verkefna sem framkvæmd hafa verið fyrir börn og ungmenni innan ráðherranefndarinnar mun hærri þar sem oft ræðir um starfsemi sem felur í sér fjölda smærri verkefna. Mörg verkefnanna hafa einnig virkjað börn og ungmenni, ýmist til þátttöku eða framkvæmdar verkefnis. Skýringarmyndin að neðan sýnir að Norræna ráðherranefndin hefur fyrst og fremst staðið fyrir verkefnum og aðgerðum *fyrir* börn og ungmenni og *með* þeim, en einnig að svigrúm er til þess að láta börn og ungmenni bera aukna ábyrgð á því að framkvæma verkefni og/eða aðrar aðgerðir þó að hlutur verkefna sem unnin eru *af* börnum og ungmennum hafi einnig aukist. Aftur ber að taka fram að mismunandi þátttökustig eru æskileg fyrir mismunandi gerðir verkefna.

Andel strategiska aktiviteter, projekt eller insatser som har gjorts för, med eller av barn och unga



Að neðan eru dæmi um verkefni sem framkvæmd voru *fyrir*, *með* og *af* börnum og ungmennum á árunum 2018 og 2019. Til þess að skoða ítarlegri lista yfir verkefni sem eru enn í framkvæmd eða hefur verið lokið, sjá fylgiskjal 1.



Fyrir börn og ungmenni

- Verkefnið „Sjálfbærni og jafnrétti á hátæknivæddum vinnumarkaði framtíðar (2019–2020)“ fjallar um aukna eftirspurn á norrænum vinnumarkaði eftir færni í hátæknigreinum. Samhliða aukinni eftirspurn hefur borið á almennum skorti á menntuðum einstaklingum innan verkfræði- og raunvísindagreina (STEM; *Science, Technology, Engineering and Mathematics*). Konur eru í minnihluta í þessum greinum. Því er markmið verkefnisins meðal annars að greina hvernig norrænu löndin hafa unnið að því að auka hlut stúlkna og ungra kvenna í námi og fögum sem eftirspurn er eftir í verkfræði- og raunvísindagreinum. (Sjálfbær þróun, MR-A, MR-U, MR-JÄM)
- Norðurlandahúsið í Færeyjum skipuleggur svo gott sem alla viðburði sína út frá sjónarmiðum barna og ungmenna og reynir ávallt að leggja áherslu á að viðburðir séu sem aðgengilegastir börnum og ungmönnum. (MR-K)
- Norræna erfðauðlindastofnunin (NordGen) hefur þróað verkfærakassa með fræjum og ræktunartólum sem menntastofnanir geta nýtt sér. (FJLS)

Með börnum og ungmönnum

- Menningar- og tungumálaáætlunin Volt leggur áherslu á menningarsköpun og tungumálaskilning barna og ungmenna og styrkir verkefni með aðkomu barna og ungmenna allt að 25 ára. Í umsóknarferlinu er mikil áhersla lögð á að finna verkefni sem tryggja mestu mögulegu aðkomu markhópsins að öllum þáttum verkefnisins. Áætlunin hefur á að skipa hópi sérfræðinga sem velur þau verkefni sem hljóta fjármögnun en í hópnum eru meðal annars ungmenni undir 25 ára aldri. (MR-K)
- Rannsóknarverkefnið „Unge kvinder og mænd, sårbarhed og prostitution, formidlingsaktiviteter“ (Ungar konur og karlar, varnarleysi og vændi, starf að miðlun upplýsinga). Markmið verkefnisins er að greina tíðni og umfang varnarleysis og vændis meðal ungmenna, auk félagslegra og lagalegra aðgerða sem ráðist hefur verið í til að stemma stigu við vændi meðal ungra kvenna og karla. Rannsóknin byggir fyrst og fremst á niðurstöðum fyrri rannsókna en einnig verða tekin viðtöl við börn og ungmenni. (MR-JÄM)
- Ráðstefnan „Youth Leading a Sustainable Lifestyle“ hafði það markmið að leiða saman ungmenni, fyrirtæki og borgaraleg samtök frá öllum norrænu löndunum til að ræða og efla lausnir tengdar sjálfbærri framleiðslu og neyslu (12. heimsmarkmið SP). Margir dagskrárliðir á ráðstefnunni fóru fram með aðkomu ungmenna. Meðal annars var efnt til pallborðsumræðna þar sem fulltrúar unga fólksins fengu að beina spurningum til norrænu umhverfisráðherranna (Sjálfbær þróun, Börn og ungmenni)

Verkefni framkvæmd af börnum og ungmönnum

- Verkefni Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi (NAPA) um listsköpun barna, „Aanaanaga“, er sýning á listaverkum eftir börn. (MR-K)



- Svið umhverfis- og loftslagsmála virkjar ungt fólk til þess að koma að samningnum um líffræðilega fjölbreytni eftir 2020. Einn liður í því verður vinnustofa sem ungt fólk hefur umsjón með. (MR-M)

3. Sex svið bera sérlega ábyrgð á að setja sér markmið í tengslum við stefnuna

Eftirfarandi kafli varðar aðeins sviðin Vinnumál (MR-A), Jafnréttismál (MR-JÄM), Menningu og fjölmiðla (MR-K), Byggðastefnu (MR-VÆKST), Félags- og heilbrigðismál (MR-S) og Menntamál og rannsóknir (MR-U). Samkvæmt þverfaglegri stefnu ráðherranefndarinnar um málefni barna og ungmenna bera þessi svið sérlega ábyrgð á því að setja markmið, að hluta til um samþættingu á réttindum barna og málefnum ungmenna og að hluta í tengslum við hin þrjú stefnumarkandi áherslusvið stefnunnar, sem eru: *Öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu, Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag og Bætt miðlun þekkingar og aðgerðir til að þróa færni.*

Fjögur svið, MR-A, MR-K, MR-S og MR-U, hafa útfært markmið í tengslum við stefnuna. Mörg markmiðanna innihalda áherslu á þriðja áherslusvið stefnunnar, *bætta miðlun þekkingar og aðgerðir til að þróa færni*, til dæmis það markmið vinnuálagssviðs að „stuðla að þróun færni sem er löguð að þörfum vinnuálagssviðs“. Einnig tengjast mörg markmiðanna fyrsta áherslusviði stefnunnar, sem er: *Öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu*. Hér hefur svið menntamála til dæmis skrifað: „Markmiðið er að skapa þannig menntun að öll börn og ungmenni, drengir og stúlkur, eigi kost á námsumhverfi sem styðji við andlega og líkamlega heilsu þeirra, dragi úr mikilvægi félagslegs bakgrunns og veiti öllum tækifæri til að halda áfram að læra og bæta við sig út ævina.“ Varðandi annað áherslusvið stefnunnar, sem hefur yfirskriftina *Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag*, hefur svið félagsmála sett sér það markmið sérstaklega fyrir tímabilið 2018–2019 að við framkvæmd verkefna verði áhersla lögð á aðgerðir frjálsra félagasamtaka sem varða börn og ungmenni. Greinargerðir sviðanna varðandi sett markmið eru í fylgiskjali 2.

Svið jafnréttismála hefur ekki þróað nein sérstök markmið í tengslum við hin þrjú áherslusvið stefnunnar, en í nýju samstarfsáætluninni um jafnréttismál eru málefni barna og ungmenna samþætt við starfið. Til dæmis er leitast við að „konur og karlar njóti jafna tækifæra á vinnuálagssviði framtíðarinnar. Spornað verði gegn kynbundnu námsvali sem eykur hættu á kynskiptingu á vinnuálagssviði.“

Svið byggðastefnu hefur heldur ekki sett sérstök markmið varðandi hin stefnumarkandi áherslusvið en í samstarfsáætluninni um byggðapróun kemur fram að sjónarhorn barna og ungmenna verði fellt inn í starfsemi sviðsins. Auk þess hefur ráðgjafinn sem starfar innan sviðsins sótt sér fræðslu um hvernig samþætta megi sjónarmið barna og ungmenna (sjá 4. kafla: Starf NORDBUK að markmiðum stefnunnar 2018–2019).



4. Starf NORDBUK að markmiðum stefnunnar

Eftirfarandi á við um starf Norrænu barna- og ungmennanefndarinnar (NORDBUK) að markmiðum stefnunnar um málefni barna og ungmenna á tímabilinu 2018–2019. NORDBUK ber hér tvískipta ábyrgð: annars vegar að fylgja eftir innleiðingu stefnunnar um málefni barna og ungmenna þvert á Norrænu ráðherranefndina, og hins vegar að sinna eigin verkefnum sem byggja á stefnunni, svo sem að vinna að verkefnum, aðgerðum og annarri starfsemi innan hinna þriggja áherslusviða stefnunnar.

Innan áherslusviðsins „öflugur stuðningur við börn og ungmenni í áhættuhópum og virkni þeirra í samfélaginu“ hefur NORDBUK unnið að og styrkt fjölda verkefna. Dæmi um það er sænska formennskuverkefnið „Nya vägar för demokratisk inkludering av unga och barn“ (Nýjar leiðir til að auka þátttöku barna og ungmenna í lýðræðinu), sem gat af sér ráðstefnuna „Nordic Youth Dialogues“.

Styrkjaáætlun NORDBUK er fyrirferðarmikill liður í fjárhagsáætlun NORDBUK og hefur beina tengingu við það áherslusvið stefnunnar sem hefur yfirskriftina „Áframhaldandi samstarf og stuðningur við borgaralegt samfélag“. Helsta markmið styrkjaáætlunar NORDBUK er að efla samtakamátt barna og ungmenna, áhrif þeirra og þátttöku í pólitískum ferlum, ásamt því að styrkja norræna sjálfsvitund barna og ungmenna. NORDBUK vinnur einnig að verkefnum á þessu áherslusviði, svo sem formennskuverkefni Íslands „Youth Leading a Sustainable Lifestyle“ – ráðstefnu um það forystuhlutverk sem ungmenni gegna fyrir sjálfbæra framleiðslu og neyslu með því að tileinka sér sjálfbæran lífsstíl.

Um áherslusvið stefnunnar undir yfirskriftinni „Bætt miðlun þekkingar og aðgerðir til að þróa færni“ stendur meðal annars að enn sem fyrr sé þörf á færniþróun og fræðslu um það hvernig samþætta megi skoðanir og þekkingu barna og ungmenna við starfið og greina áhrif starfseminnar á börn og ungmenni á grundvelli hagsmuna barnsins í ákvarðanatöku. Með hliðsjón af þessu, og sem skref í því hlutverki NORDBUK að fylgja innleiðingu stefnunnar eftir og tryggja framkvæmd hennar í reynd, ákvað NORDBUK árið 2018 að efna til fræðsluátaks fyrir starfsfólk Norrænu ráðherranefndarinnar þar sem réttindi barna og málefni ungmenna yrðu lögð til grundvallar. Markmið fræðslunnar voru meðal annars:

- að veita aukna innsýn í það hvernig samþætta megi réttindi barna og málefni ungmenna við daglega starfsemi;
- að auðvelda þátttakendum að koma auga á hvernig réttindi barna og málefni ungmenna varða þeirra starfsemi og/eða stefnumótunarsvið;
- að auka þekkingu á mismunandi aðferðum og verkfærum og því hvernig má beita þeim til að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starfið;
- að þróa skilning og þekkingu þátttakenda á réttindum barna og þátttöku og áhrifum ungmenna.

Tvær lotur í hinni nýju innri fræðslu um leiðir til að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf Norrænu ráðherranefndarinnar fóru fram á vordögum



2019. Í einni lotu eru tveir fræðsludagar með verkefnavinnu inni á milli. Áhugi á þátttöku hefur verið mikill og var fullt í báðar loturnar. Fræðslunni var afar vel tekið og kemur árangurinn af henni glögg í ljós í þessari greinargerð.

Í stefnunni kemur einnig fram að hlutverk NORDBUK sé að „styðja ráðherranefndirnar í því að starfa út frá sjónarmiðum réttinda barna og æskulýðsstefnu og greiða fyrir þverfaglegu samstarfi um málefni barna og ungmenna hjá Norrænu ráðherranefndinni“. Í þessu sambandi hefur NORDBUK meðal annars átt náið samstarf við svið Sjálfbærrar þróunar að innleiðingu áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um Dagskrá 2030. Til dæmis hefur NORDBUK skipað tvo fulltrúa ungmenna í sérfræðingahóp um sjálfbæra þróun, stutt við framkvæmd leiðtogafundar ungmenna á Álandseyjum undir yfirskriftinni „ReGeneration 2030“, tekið þátt í þemadegi ungs fólks á COP23 og komið að þverlægrri samþættingu réttinda barna og málefna ungmenna í annarri starfsemi COP23.

Undanfarið hefur stuðningshlutverk NORDBUK orðið enn öflugra samfara auknum áhuga á að börn og ungmenni séu höfð með í ráðum. Þetta má bæði sjá á fjölda fyrirspurna sem borist hafa um samstarfið og í athugasemdum sem gerðar hafa verið við yfirlýsingar og stefnumótandi skjöl, auk fjölda skráninga í fræðsluna um sjónarmið barna og ungmenna (fullt var í báðar fræðsluloturnar).

Í fylgiskjali 3 er greint frá hinu eiginlega starfi NORDBUK að markmiðum stefnunnar á tímabilinu 2018–2019.

5. Niðurstöður

Samanborið við fyrri greinargerð eru niðurstöður þessarar greinargerðar afar jákvæðar með hliðsjón af markmiðum og framtíðarsýn þeirrar stefnu sem liggur til grundvallar. Nú þegar þrjú ár eru liðin frá útkomu hinnar þverfaglegu stefnu um málefni barna og ungmenna hefur ráðherranefndin 1) öðlast aukna meðvitund um þau áhrif sem starfið hefur á börn og ungmenni, 2) unnið umtalsvert meira að samþættingu í stefnumarkandi ferlum sínum og 3) gert grein fyrir mun fleiri verkefnum sem varða börn og ungmenni. Að auki hefur þeim verkefnum fjölgað sem gefa börnum og ungmennum færi á að koma að ákvarðanatöku og bera ábyrgð á mótun verkefna (verkefni sem framkvæmd eru með börnum og ungmennum og af þeim).

Þau svið sem bera sérlega ábyrgð á innleiðingu stefnunnar hafa ekki aðeins sett sér markmið heldur einnig samþætt við starf sitt þau markmið og þá forgangsroðun sem varða réttindi barna og/eða lífshæð og þátttöku barna og ungmenna. Þó er mikilvægt að benda á að starfsemi ráðherranefndarinnar er víðtæk og spannar mismunandi málaflokka og starfshætti. Af því leiðir að mismunandi svið hafa afar ólíkar forsendur til að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf sitt og til þess skal ávallt taka tillit.



NORDBUK hefur unnið ötullega að markmiðum stefnunnar í sínum eigin verkefnum en einnig lagt áherslu á að bjóða stuðningsaðgerðir fyrir alla starfsemi ráðherranefndarinnar í því augnamiði að greiða fyrir innleiðingu stefnunnar.

Af hverju ætli niðurstöðurnar séu svo jákvæðar í þetta sinn? Svarið er margþætt. Ein ástæða þess er að öllum líkindum tími. Það tekur tíma að festa nýja stefnu í sessi; fyrst þarf að kynna hana og því næst að innleiða innihald hennar og markmið. Hér hefur hið innra fræðslustarf gegnt mikilvægu hlutverki. Einnig tekur tíma að hefja framkvæmd aðgerða sem styðja við stefnuna og markmið hennar. Nú er svo komið að starfið er ekki aðeins farið af stað heldur er það í fullum gangi. Annað sem ráðið hefur úrslitum, auk fræðslustarfs og þess tíma sem liðinn er, er hið mikilvæga starf sem stjórn ráðherranefndarinnar hefur innt af hendi. Þar hefur verið kveðið skýrt á um að fara eigi eftir stefnunni og að ráðherranefndin eigi að samþætta réttindi barna og málefni ungmenna við starf sitt, svo og að ráðherranefndin skuli gegna forystuhlutverki í þessu starfi og vera fyrirmyndarstofnun sem aðrir geti sótt innblástur í. Málefni barna og ungmenna, jafnréttismál og sjálfbærni eru hin þrjú þverfaglegu sjónarmið sem hafa verið þróuð samhliða og markvisst í starfsemi ráðherranefndarinnar síðan stefnan um málefni barna og ungmenna tók gildi. Sú forgangsröðun NORDBUK að veita fjármagni til innri fræðslu hefur einnig skilað sér í góðum árangri. Þó ber að hafa í huga að þar sem fræðslan fór fram á vordögum 2019 mun langtímaáhrifa hennar ekki gæta fyrr en í næstu greinargerð. Jafnframt virðist almennur áhugi á þátttöku og áhrifum barna og ungmenna hafa aukist, bæði í samfélögum Norðurlanda og á alþjóðavettvangi, ekki síst á sviði loftslagsmála – áhugi sem sprettur af því að raddir barna og ungmenna og skoðanir þeirra heyrast nú í auknum mæli í samfélagsumræðu.

Niðurstöður þessarar greinargerðar eru afar jákvæðar, bæði út af fyrir sig og fyrir komandi starf með börnum og ungmennum. Ráðherranefndin, og einkum NORDBUK, mun nýta sér aukinn áhuga á starfi að réttindum barna og málefnum ungmenna til þess að efla enn frekar stuðningshlutverk sitt og vinna að fleiri starfslíkönum sem stutt geta við starf ráðherranefndarinnar með þetta sjónarmið. Næsta greinargerð kemur til með að fjalla um næstsíðasta tímabil stefnunnar um málefni barna og ungmenna, 2020–2021. Þangað til má meðal annars stefna að því markmiði að fleiri svið láti greina hvernig málaflokkar þeirra tengjast lífskjörum barna og ungmenna (og/eða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna) til að tryggja skilvirkt og markvisst starf með sjónarmið barna og ungmenna.